

Varpvistfræði lunda á Breiðafirði

Árni Ásgeirsson, Háskólasetur Snæfellsness

Talsvert lundavarp er í suðureyjum Breiðafjarðar en það hefur þó lítið verið rannsakað. Í rannsókn þessari, sem framkvæmd var sumarið 2010, var stofnstærð lunda í fimm eyjum áætluð með því að meta hlutfall virkra lundahola. Eyjarnar sem um ræðir eru Elliðaey, Freðinskeggi, Loðinshólmar, Melrakkaey og Vatnsey. Jafnframt voru aldurshlutföll í afla lundaveiðimanna úr tveimur eyjum skoðuð, en þau gefa hugmynd um nýliðun í stofninum. Hluti aldursgreindra lunda var veginn og þyngd þeirra borin saman við þyngd lunda annars staðar að. Einnig var ábúðarhlutfall varphola í Elliðaey borið saman við ábúðarhlutfall á landsvísu með notkun holumyndavélar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að stofnstærð í eyjunum fimm er um 9000 lundapör (95% öryggismörk, 7881-11051). Mikill munur var á hlutfalli ungfugla í veiðiafla úr eyjunum tveimur. Hlutfall ungfugla úr Elliðaey var 74% en úr Melrakkaey 31,7%. Hlutfall ungfugla úr Vestmannaeyjum yfir 21 árs tímabil var 90% í veiðiafla. Af vegnum lundum í Elliðaey kom í ljós að þriggja og fjögurra ára fuglar voru þyngstir. Meðalþyngd lunda í Elliðaey var borin saman við þyngd lunda frá Vestmannaeyjum, Isle of May og St Kilda við Bretland og reyndust lundar í Elliðaey vera þyngstir að meðaltali. Ábúðarhlutfall í Elliðaey, metið með holumyndavél, var 84,6% og var það yfir landsmeðaltali. Lundavarpíð byrjaði vel en þegar leið á sumarið virtist sem æti væri af skornum skammti og fór að bera á ungapauða. Mikill ungapauði var í Elliðaey um miðjan september.